

166. þingflokksfundur, mánudaginn 23. maí 2016 kl. 13.55

Fundinn sitja: Aðalheiður, Ásta, Birgitta og Helgi Hrafn.
Berglind Rósa ritar fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerðir 164. og 165. þingflokksfundar voru samþykktar með breytingum.

2. Dagskráin í dag

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag.

3. Brif af fundum þingflokksformanna og forsætisnefndar

Helgi Hrafn brífaði af fundi forsætisnefndar og fór yfir drög að dagskrá þingfunda. Rætt var um sérstakar umræður en umræða um stöðu fjölmiðla á Íslandi frá Birgittu er væntanleg á dagskrá. Birgitta brífaði af fundi þingflokksformanna og gerði grein fyrir stöðu mála varðandi ályktun Alþingis og rannsókn á einkavæðingu bankanna sem er til umfjöllunar í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Ákveðið var að fara yfir stöðu þingmála Pírata á næsta þingflokksfundi.

4. Brif úr nefndum

Helgi Hrafn brífaði úr allsherjar- og menntamálanefnd og gerði grein fyrir frumvarpi til útlendingalaga. Efnisleg umræða um frumvarpið verður tekin fyrir á næsta þingflokksfundi eða við tækifæri. Helgi gerði jafnframt grein fyrir öðrum málum sem eru til umfjöllunar í allsherjar- og menntamálanefnd, þ.e. um menntun lögreglu, sjálfstætt rekna grunnskóla og skilyrði fyrir beitingu símhlustanna. Birgitta brífaði af fundum efnahags- og viðskiptanefndar og gerði grein fyrir ákvörðun sinni að styðja sérálit Katrínar Jakobsdóttur um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum. Aðalheiður setur inn frétt á vefinn með tilvísanir í ræður Birgittu og sérálitið. Birgitta gerði jafnframt grein fyrir stöðu mála í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Ásta gerði að lokum stuttlega grein fyrir stöðu mála í umhverfis- og samgöngunefnd.

5. Áheyrn í efnahags- og viðskiptanefnd

Ákveðið var að Birgitta tæki við af Ástu Guðrúnu sem áheyrnarfulltrúi í efnahags- og viðskiptanefnd. Aðalheiður sendir út tilkynningu þess efnis.

6. Afstaða til nýs EES-máls (persónuvernd og gagnaöryggi)

Frestað til næsta fundar.

7. Svar við fyrirspurn um nethlutleysi

Frestað til næsta fundar.

8. Önnur mál

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.25.